



**unesco**

Member  
Associated Schools  
Network

# UNESCO-SKÓLAR

UNESCO (*United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization*).

Allir skólar á Reykjanesi sameinast í því að gerast UNESCO skólar



**KADECO**  
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY



**ISAVIA**



# UNESCO skólar á Reykjanesi

Suðurnesjavettvangur og Reykjanes UNESCO Geopark hafa sett af stað verkefni í samvinnu við UNESCO skóla á Íslandi að styðja við **leik-, grunn, og framhaldsskóla á Reykjanesi að gerast UNESCO skólar**. Verkefnið hefur fengið styrk úr Sóknaaráætlun Suðurnesja sem mun nýtast í að ráða verkefnastjóra til að vera tengiliður við alla skóla sem vilja sækja um, styðja þá í umsóknarferlinu og leiða samstarf og samvinnu þátttakenda. Markmiðið er háleitt, en vonir standa til að **allir skólar á Reykjanesi verði UNESCO skólar á næstu tveimur árum**.



**KADECO**  
KÉFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY




 **ISAVIA**



# Hvað felst í því að vera UNESCO skóli?

- Vinna eftir þemum UNESCO-skóla
  - Alþjóðasamvinna
  - Starfsemi sameinuðu þjóðanna
  - **Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun**
  - Friður og mannréttindi
- Halda upp á tvo alþjóðadaga SP
- Halda viðburð tengt SP / þemadagar
- Heimsins stærsta kennslustund (WLL)
- Skila skýrslu um hvað var gert á skólaárinu



# Dæmi um alþjóðlega daga UENSCO

<https://unesco.is/althjodlegir-dagar-ar-og-aratugir/>



21. febrúar

Alþjóðadagur móðurmálsins



21. mars

Alþjóðadagur ljóðsins



22. mars

Alþjóðadagur vatns



23. apríl

Alþjóðadagur bóka og höfundaréttar



30. apríl

Alþjóðadagur jazztónlistar



3. maí

Alþjóðadagur tjáningarfrelsis



21. maí

Alþjóðadagur menningarlegrar fjölbreytni



23. ágúst

Alþjóðadagur til minningar um þrælasölu og afnáms hennar



8. september

Alþjóðadagur læsis



5. október

Alþjóða kennaradagurinn



6. október

Alþjóðadagur jarðfræðilegrar fjölbreytni



27. október

Alþjóðadagur menningararfs á sviði hljóð- og myndmiðlunar



10. nóvember

Alþjóðavísindadagur friðar og þróunar



16. nóvember

Alþjóðadagur umburðarlyndis



21. nóvember

Alþjóðaheimspekidagurinn

# Af hverju að vera UNESCO skóli?

- Samstarf skóla á Reykjanesi // tenging við jarðvanginn
- Gæðastimpill fyrir skóla
- Fjölbreytt námsefni
  - Skólavefur UN
  - UNESCO-Skólar (Facebook síða)
- Samskipti við aðra UNESCO-skóla
- Alþjóðasamvinna (ef vill)
- Tækifæri til að heimsækja erlenda skóla
- Ráðstefnur - NORDIC CAMP



# Enn frekari ávinningur fyrir skóla á Reykjanesi

- Samstarf skóla á Reykjanesi
- Tenging við UNESCO jarðvang
- Stuðningur við umsókn og innleiðingu
- Stuðningur við skýrslur
- Tengslanet milli skóla og skólastiga
- Vettvangur um samstarf skóla í öllum sveitarfélögum
- Styrkir ímynd skóla á svæðinu
- Samnýting á verkefnum og hugmyndum



# Umfang verkefnisins

Í heiminum eru um 12.000 UNESCO skólar í 180 löndum.

Í dag eru **21 íslenskir UNESCO-skólar**

- 1 leikskóli
- 7 grunnskólar
- 13 framhaldsskólar

Á Reykjanesi gætu orðið **28 UNESCO-skólar**

- 16 leikskólar
- 11 grunnskólar
- 2 framhaldsskólar



**KADECO**  
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY



 **ISAVIA**



# Kostnaður



Kostnaður fyrir skóla / stofnanir / sveitarfélög:

- Enginn beinn kostnaður
- Svigrúm fyrir teymisvinnu (mikilvægt að hafa 3-4 í teymi úr hverjum skóla)
- Námskeið kosta eitthvað (var síðast 6500 pr kennara – endurgreiðsla frá stéttarfélagi)
- Unesco fánar kosta eitthvað



# Næstu skref

- Markmiðið er að fá alla skóla til að skrifa undir viljayfirlýsingu að þeir muni **sækja um innan tveggja ára** (sjái þeir sér ekki fært að fara strax af stað).
- Þeir skólar sem eru tilbúnir að taka þátt strax, finna fólk í 3-4 manna teymi.
- Hefja samtal við verkefnastjóra hjá Reykjanes Jarðvangi (Sigrún Svafa Ólafsdóttir // [sigrun@geocamp.is](mailto:sigrun@geocamp.is))
- Fundur fyrir alla **miðvikdaginn 4. september frá 14:00 – 16:00** í Bergi í Hljómahöll.
- Umsóknarferlið hefst formlega í september.
- UNESCO ráðstefna í Reykjanesbæ 2.-4. október á vegum Jarðvangsins



<p><b>1</b> ENGIN FÁTÆKT</p>	<p><b>2</b> EKKERT HUNGUR</p>	<p><b>3</b> HEILSA OG VELLÍÐAN</p>	<p><b>4</b> MENNTUN FYRIR ÖLL</p>	<p><b>5</b> JAFNRÉTTI KYNJANNA</p>	<p><b>6</b> HREINT VATN OG HREINLÆTISADSTADA</p>
<p><b>7</b> SJÁLFBÆR ORKA</p>	<p><b>8</b> GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR</p>	<p><b>9</b> NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING</p>	<p><b>10</b> AUKINN JÖFNUÐUR</p>	<p><b>11</b> SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG</p>	<p><b>12</b> ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>
<p><b>13</b> AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM</p>	<p><b>14</b> LÍF Í VATNI</p>	<p><b>15</b> LÍF Á LANDI</p>	<p><b>16</b> FRÍÐUR OG RÉttlÆTI</p>	<p><b>17</b> SAMVINNA UM MARKMIÐIN</p>	<p><b>HEIMSMARKMIÐIN</b> Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun</p>

# Heimsmarkmið UNESCO:

1. Að [útrýma fátækt](#) í allri sinni mynd alls staðar.
2. [Útrýma hungri](#), tryggja fæðuöryggi og bættu næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði.
3. Stuðla að [heilbrigðu líferni og vellíðan](#) fyrir alla frá vöggu til grafar.
4. Tryggja öllum jafnan aðgang að [góðri menntun](#) og tækifæri til náms alla ævi.
5. [Jafnrétti kynjanna verði tryggt](#) og staða allra kvenna og stúlkna styrkt.
6. Tryggja aðgengi allra að [hreinu vatni](#) og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu.
7. Tryggja öllum aðgang að öruggri og [sjálfbærri orku](#) á viðráðanlegu verði.
8. Stuðla að viðvarandi [sjálfbærum hagvexti](#) og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.
9. Byggja upp trausta innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og [hlúa að nýsköpun](#).
10. Draga úr [ójöfnuði](#) í heiminum.
11. Gera borgir og íbúðarsvæði örugg, [sjálfbær](#) og öllum aðgengileg.
12. Tryggja sjálfbær [neyslu- og framleiðslumynstur](#).
13. Bráðaaðgerðir [gegn loftlagsbreytingum](#) og áhrifum þeirra.
14. Vernda og [nýta hafið og auðlindir](#) þess á sjálfbæran hátt.
15. Vernda og endurheimta [vistkerfi á landi](#) og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórn skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.
16. Stuðla að friðsælum og sjálfbærum [samfélögum fyrir alla jarðarbúa](#), tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir á öllum sviðum.
17. Blása lífi í [alþjóðlegt samstarf](#) um sjálfbæra þróun og grípa til aðgerða.

# Heimsmarkmið og sjálfbærni

## Hvert er markmiðið með Heimsmarkmiðunum?

- Markmiðið með heimsmarkmiðunum er að útrýma fátækt, hungri, draga úr ójöfnuði, vinna gegn hlýnun jarðar, vernda líf á landi og í vatni, að efla mannréttindi og ýta undir sjálfbæran lífsstíl.

## Hvað er sjálfbærni?

- Sjálfbærni felur í sér að gera hlutina án þess að skaða náttúruna eða annað fólk, að nýta auðlindir jarðar á ábyrgan hátt. Að það sé nóg eftir fyrir komandi kynslóðir.



**KADECO**  
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY



**ISAVIA**



# Reykjanes UNESCO jarðvangur

UNESCO, Menningarmálastofnun sameinuðu þjóðanna viðurkenndi Reykjanes sem UNESCO Global Geopark árið 2015.

UNESCO Global Geoparks eru svæði þar sem minjum og landslagi sem eru jarðfræðilega mikilvægar á heimsvísu er stýrt eftir heildrænni stefnu um verndun, fræðslu og sjálfbæra þróun.

Landsvæði Reykjanes UNESCO Global Geopark nær yfir land í eigu sveitarfélaganna Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar, Voga og Grindavíkur.



**KADECO**  
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY



**ISAVIA**



SUBURNESJABÆR



REYKJANESBÆR



GRINDAVÍKURBÆR



Sveitarfélagið Vogar

# Reykjanes UNESCO jarðvangur

Hvað er jarðvangur//Geopark:

Jarðvangar eru **samfelld landfræðileg svæði**, þar sem minjum og landslagi sem eru **jarðfræðilega mikilvæg á heimsvísu** og er stýrt eftir heildrænni stefnu um **verndun, fræðslu og sjálfbæra þróun**. Í hnattrænum UNESCO jarðvangi eru **jarðminjar** (e. geological heritage) nýttar ásamt öðrum náttúru- og menningarminjum svæðisins til að **vekja athygli og skilning** á þeim brýnu úrlausnarefnum sem blasa við samfélagi okkar: **sjálfbærri nýtingu auðlinda**, samdrætti í losun **gróðurhúsalofttegunda** og hvernig **draga má úr áhrifum náttúruhamfara**. Með því að vekja athygli á mikilvægum jarðminjum í sögulegu og samfélagslegu samhengi efla hnattrænu UNESCO jarðvangarnir **stolt og staðarvitund íbúa** og styrkja þannig **samband þeirra við svæðið**. Jarðferðamennska (e. geotourism), leiðir til **nýsköpunar í atvinnurekstri** með nýjum störfum og hágæða þjálfun og skapar ný tækifæri til tekjuöflunar á sama tíma og jarðfræðilegar auðlindir svæðisins eru verndaðar.



**KADECO**  
KJEFVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY



**ISAVIA**



# Reykjanes UNESCO jarðvangur



**KADECO**  
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY



**ISAVIA**



# Tímalína á innleiðingu UNESCO skóla

Nú á vormánuðum munu allir áhugasamir skólar fá kynningu á verkefninu og hvað felst í að vera UNESCO skóli. Áhugasamir skólar geta byrjað umsóknarferlið strax í haust en markmiðið er að fá alla skóla til að skrifa undir viljayfirlýsingu að þeir muni **sækja um innan tveggja ára** sjái þeir sér ekki fært að fara strax af stað. Það er mikill ávinningur í að vera með frá byrjun og nýta stuðning verkefnastjórans sem fjármagn er fyrir næstu tvö árin.

**Fundur fyrir alla miðvikdaginn 4. september frá 14:00 – 16:00 í Bergi í Hljómahöll.**



**KADECO**  
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY





# Hvað felst í því að vera UNESCO skóli?

UNESCO skólar skuldbinda sig til að vinna að verkefnum sem snúa að því að **auka þekkingu á málefnum Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðunum**. Þverfagleg verkefni sem nýtast í ýmsum kennslustundum og passa vel inni í grunnþætti aðalnámsskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla. Flestir skólar vinna í dag fjölmörg verkefni á hverju starfsári sem styðja við innleiðingu Heimsmarkmiðanna svo umsókn um að gerast UNESCO skóli er **að mestu leiti aðeins alþjóðleg viðurkenning á því starfi og yfirlýsing um að vilja bæta í slík verkefni á komandi árum**.



**KADECO**  
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY



**ISAVIA**



SUBURNESJABÆR



REYKJANESBÆR



GRINDAVÍKURBÆR



Sveitarfélagið Vogar

# Aðdragandi verkefnisins

- Frá árinu 2019 hefur verið starfræktur samstarfshópur sveitarfélaganna fjögurra á svæðinu, ISAVIA, KADECO og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Samstarfshópurinn fékk nafnið Suðurnesjavettvangur og hefur á sl. árum haldið samráðsfundi og viðburði sem miða að því að stilla saman strengi í innleiðingunni.
- Stór þáttur innleiðingar Heimsmarkmiðanna í hverju samfélagi snýr að skólunum og því mikilvæga starfi sem þar er unnið. Síðustu misseri hefur Suðurnesjavettvangur því verið að skoða með hvaða hætti vettvangurinn getur stutt við skólana og hjálpað þeim að efla það starf sem þegar er unnið innan veggja þeirra og styður við Heimsmarkmiðin 17.



**KADECO**  
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY



 **ISAVIA**



# Aðdragandi verkefnisins

- Á þeirri fjögurra ára vegferð sem Suðurnesjavettvangur hefur verið á hefur umræða um UNESCO skóla komið oftar en einu sinni upp, t.a.m. á fjölmönnum íbúafundi sem var haldinn haustið 2020. Suðurnesjavettvangur sendi einnig út könnun í alla grunn- og leikskóla á Reykjanesi haustið 2022. Niðurstöður þar sýndu að 80% skólanna voru áhugasamir um að gerast UNESCO skóli.
- Segja má að staðsetning okkar sé einstök þar sem við erum staðsett í jarðvanginum, Reykjanes UNESCO Geopark. Suðurnesjavettvangur telur mikil tækifæri fólgin í því að tengja skólastigin, og íbúa alla, betur við jarðvanginn og þau tækifæri sem þar liggja með því að innleiða UNESCO skóla hér á svæðinu.



**KADECO**  
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY



 ISAVIA



# Aðdragandi verkefnisins

- Í ljósi þessa langaði Suðurnesjavettvang til að styðja við alla leik-, grunn- og framhaldsskóla á Reykjanesi að gerast UNESCO skólar. Vettvangurinn leitaði til Reykjanes UNESCO Geopark's um samstarf sem hefur samþykkt að hoppa á vagninn og styðja við það háleita markmið að fá alla skóla á svæðinu með.
- Í október næstkomandi verður haldin Evrópuráðstefna UNESCO jarðvanga í Reykjanesbæ og því freistandi að tengja þetta stóra skref þeim viðburði.



**KADECO**  
KEFLAVÍK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY

